

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/852

2021/EES/74/28

frá 30. maí 2018

um breytingu á tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar (2),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bæta ætti úrgangsstjórnun í Sambandinu með það fyrir augum að vernda, varðveita og auka gæði umhverfisins, vernda heilbrigði manna, tryggja að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð, hagkvæmni og skynsemi, stuðla að meginreglum hringrásarhagkerfisins, auka notkun endurnýjanlegrar orku, auka orkunýtni, draga úr því hversu háð Sambandið er innfluttum tilföngum, skapa ný efnahagsleg tækifæri og stuðla að samkeppnishæfni til langs tíma. Hagkvæmari notkun auðlinda myndi einnig þýða umtalsverðan hreinan sparnað fyrir fyrirtæki, opinber yfirvöld og neytendur innan Sambandsins ásamt því að draga úr árlegri heildarlosun gróðurhúsalofttegunda.
- 2) Breyta ætti markmiðunum sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB (4) varðandi endurnýtingu og endurvinnslu umbúða og umbúðaúrgangs með því að auka endurvinnslu umbúðaúrgangs svo að þau endurspegli betur metnað Sambandsins til að færa sig yfir í hringrásarhagkerfi.
- 3) Enn fremur ætti, til að tryggja betri samfellu í úrgangslögum Sambandsins, að laga skilgreiningarnar í tilskipun 94/62/EB, ef við á, að þeim sem eru í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB (5) sem gildir almennt um úrgang.
- 4) Forvarnir gegn myndun úrgangs eru skilvirkasta leiðin til að bæta auðlindanýtni og minnka umhverfisáhrif úrgangs. Því er mikilvægt að aðildarríkin geri viðeigandi ráðstafanir til að hvetja til aukinnar hlutdeildar endurnotanlegra umbúða á markaði og endurnotkunar umbúða. Slíkar ráðstafanir geta falið í sér skilagjaldskerfi og aðra hvata s.s. að setja meginreglu markmið, taka tillit til endurnotkunar vegna árangurs við að ná markmiðum um endurvinnslu ásamt aðgreindum fjárframlögum til endurnotanlegra umbúða samkvæmt kerfum um rýmkaða ábyrgð framleiðanda vegna umbúða. Aðildarríkin ættu að gera ráðstafanir til að hvetja til notkunar endurnotanlegra umbúða og ná fram minnkun á notkun umbúða sem eru ekki endurvinnanlegar og óþarfa umbúða.
- 5) Þar sem endurnotkun felur í sér að forðast að setja nýjar umbúðir á markað og auka það magn umbúðaúrgangs sem myndast ætti að taka tillit til endurnotanlegra söluumbúða sem eru settar á markað í fyrsta sinn og viðarumbúða sem eru lagfærðar til endurnotkunar að því er varðar það að ná viðkomandi markmiðum um endurvinnslu umbúða.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 150, 14.6.2018, bls. 141. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 296/2021 frá 29. október 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 264, 20.7.2016, bls. 98.

(2) Stj. 17, 18.1.2017, bls. 46.

(3) Afstaða Evrópuþingsins frá 18. apríl 2018 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 22. maí 2018.

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang (Stj. 365, 31.12.1994, bls. 10).

(5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinnna tilskipana (Stj. 312, 22.11.2008, bls. 3).

- 6) Aðildarríkin ættu að koma á viðeigandi hvötum fyrir beitingu úrgangsmetakerfis sem inniheldur efnahagsleg stjórnæki og aðrar ráðstafanir. Slíkar ráðstafanir ættu að miða að því að lágmarka umhverfisáhrif umbúða og umbúðaúrgangs út frá vistferilssjónarmiði, að teknu tilliti til, eftir því sem við á, ávinningsins af því að nota lífgrunduð efni og efnivið sem er hentugur fyrir endurtekna endurvinnslu. Ráðstafanir til að auka almenningsvitund um ávinning sem leiðir af umbúðum sem gerðar eru úr endurunnum efnivið geta stuðlað að því að auka umfang endurvinnslugeirans fyrir umbúðaúrgang. Þar eð einnota umbúðir eru ómissandi til að tryggja hollustuhætti á sviði matvæla og heilbrigði og öryggi neytenda ættu aðildarríkin að gera ráðstafanir til að tryggja endurvinnslu á slíkum umbúðum.
- 7) Með því að hlúa að sjálfbæru lífhagkerfi er hægt að stuðla að því að draga úr þörf Sambandsins fyrir innflutt hráefni. Lífgrundaðar endurvinnanlegar umbúðir og myltanlegar lífbrjótanlegar umbúðir gætu verið tækifæri til að efla endurnýjanlega orkugjafa fyrir framleiðslu umbúða þar sem sýnt er fram á ávinning af slíku frá vistferilssjónarmiði.
- 8) Rusl, hvort sem er í borgum, á landi, í ám og höfum, eða annars staðar, hefur bein og óbein skaðleg áhrif á umhverfið, vellíðan borgaranna og hagkerfið og hreinsunarkostnaður leggur óþarfa efnahagslega byrði á samfélagið. Margir af algengustu hlutum sem finna má á ströndum heyra til umbúðaúrgangs og hafa langtímaáhrif á umhverfið ásamt því að hafa áhrif á ferðaþjónustu og ávinning almennings af þessum náttúrulegu svæðum. Að auki grefur tilvist umbúðaúrgangs í sjávarumhverfinu undan forgangsröðun úrgangsmetakerfisins, einkum með því að komast hjá endurnotkun, endurvinnslu og annarri endurnýtingu.
- 9) Frekari aukning við markmiðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 94/62/EB fyrir endurvinnslu á umbúðaúrgangi, myndi leiða af sér skýran umhverfislegan, efnahagslegan og félagslegan ávinning. Tryggja ætti að efnahagslega verðmæt úrgangsefni séu endurheimt smám saman og á skilvirkan hátt með viðeigandi úrgangsstjórnun og í samræmi við úrgangsmetakerfið eins og mælt er fyrir um í tilskipun 2008/98/EB og þeim sé beint aftur inn í evrópska hagkerfið og ná þannig árangri við framkvæmd orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 4. nóvember 2008 „Framtaksverkefni á sviði hráefna: uppfyllum brýna þörf okkar fyrir vöxt og störf í Evrópu“ (The raw materials initiative: meeting our critical needs for growth and jobs in Europe) og myndun hringrásarhagkerfis.
- 10) Mörg aðildarríki hafa enn ekki lokið við að þróa að fullu nauðsynleg grunnvirki úrgangsstjórnunar. Því er nauðsynlegt að setja skýr stefnumarkmið til langs tíma í því skyni að komast hjá því að endurvinnanleg efni sitji föst á neðri þrepum úrgangsmetakerfisins.
- 11) Með þessari tilskipun eru sett langtímamarkmið fyrir úrgangsstjórnun Sambandsins ásamt skýrri stefnu fyrir rekstraraðila og aðildarríkin varðandi fjárfestingar sem eru nauðsynlegar til að ná þessum markmiðum. Við þróun á landsbundnum úrgangsstjórnunaráætlunum og skipulagi fjárfestinga í grunnvirkjum úrgangsstjórnunar ættu aðildarríkin að nýta fjárfestingar með traustum hætti, þ.m.t. með sjóðum Sambandsins, með því að setja forvarnir í forgang, þ.m.t. endurnotkun og endurvinnsla, í samræmi við úrgangsmetakerfið.
- 12) Í kjölfarið á sameiningu endurvinnslumarkmiða og takmarkana á urðun sem mælt er fyrir um í tilskipun 2008/98/EB og tilskipun ráðsins 1999/31/EB (1) er ekki lengur nauðsynlegt að setja markmið um endurnýtingu og hámarksmarkmið fyrir endurvinnslu á umbúðaúrgangi.
- 13) Setja ætti aðskilin markmið um endurvinnslu fyrir járnrika málma og ál í því skyni að ná fram marktækum efnahagslegum og umhverfislegum ávinningi vegna þess að meira ál yrði endurunnið sem leiðir til marktæks sparnaðar á orku og minnkunar á losun koltvísýrings. Því ætti að skipta gildandi markmiði um endurvinnslu á umbúðum úr málmi í aðskilin markmið fyrir þessar tvær tegundir úrgangs.
- 14) Skoða ætti endurvinnslumarkmið varðandi umbúðir fyrir árið 2030 með það í huga að viðhalda þeim eða, ef við á, auka við þau. Meðan á þeirri endurskoðun stendur ætti einnig að gefa gaum að tilteknum straumum umbúðaúrgangs s.s. umbúðaúrgangi frá heimilum, verslun og iðnaði ásamt úrgangi frá samsettum umbúðum.

(1) Tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs (Stjtíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1).

- 15) Byggja ætti útreikninga á endurvinnslumarkmiðum á þyngd umbúðaúrgangs sem fer til endurvinnslu. Almenna reglan ætti að vera sú að raunmæling á þyngd umbúðaúrgangs sem telst vera endurunnninn sé gerð á þeim stað þar sem umbúðaúrgangurinn kemur inn í endurvinnsluferlið. Engu að síður ættu aðildarríki, í því skyni að takmarka stjórnsýslu-byrði, gegn ströngum skilyrðum og með undanþágu frá almennu reglunni, að mega ákvarða þyngd umbúðaúrgangs sem er endurunnninn á grundvelli þess að mæla frálág flokkunarstarfsemi. Efnistap sem verður áður en úrgangurinn kemur inn í endurvinnsluferlið, til dæmis vegna flokkunar eða annarra undirbúningsaðgerða, ætti ekki að vera innifalið í því magni úrgangs sem tilkynnt er sem endurunnið. Hægt er að ákvarða þetta tap á grundvelli rafrænnar skráningar, tækniforskrifta, ítarlegra reglna um útreikninga á meðaltapi ýmissa úrgangsstrauma eða annarra jafngildra aðferða. Aðildarríkin ættu að gefa skýrslu um slíkar aðferðir í skýrslum um gæðakönnun sem fylgja gögnunum þegar þau gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um endurvinnslu úrgangs. Helst ætti að ákvarða meðaltap á vettvangi einstakra flokkunarstöðva og ætti að tengja það við mismunandi megintegundir úrgangs, mismunandi uppruna (s.s. heimili eða verslun), mismunandi söfnunarkerfi og mismunandi tegundir flokkunaraðferða. Aðeins ætti að nota meðaltap þegar engin önnur áreiðanleg gögn eru tiltæk, einkum í tengslum við tilflutning og útflutning úrgangs. Ekki ætti að draga tap á þyngd efniviðar eða efna vegna eðlislægrar eða efnafræðilegrar umbreytingar sem er innbyggð í endurvinnsluferlið þar sem umbúðaúrgangurinn er í raun endurunnninn í vörur, efnivið eða efni frá þyngd úrgangsins sem tilkynnt er að sé endurunnninn.
- 16) Ef efniviður í umbúðaúrgangi hættir að vera úrgangur eftir undirbúningsaðgerð áður en hann er í reynd endurunnninn má telja slíkan efnivið sem endurunnninn að því tilskildu að honum sé ætlað að fara síðar í endurvinnslu í vörur, efnivið eða efni, hvort sem það er til upphaflegra nota eða annars. Efniviður, sem hættir að vera úrgangur, sem á að nota sem eldsneyti eða á annan hátt til orkuframleiðslu, sem fer í fyllingar eða er fargað eða sem er notaður í hvers konar aðgerð sem hefur sama tilgang og endurnýting úrgangs, önnur en endurvinnsla, ætti ekki að teljast hluti af því að ná endurvinnslumarkmiðunum.
- 17) Þegar útreikningum á endurvinnsluhlutfalli er beitt á loftháða eða loftfirrða meðhöndlun á lífbrjótanlegum umbúðaúrgangi má telja magn úrgangs sem fer í loftháða eða loftfirrða meðhöndlun sem endurunnið að því tilskildu að slík meðhöndlun framleiði frálág sem notað verður sem endurunnin vara, efniviður eða efni. Þó að frálág frá slíkri meðhöndlun sé oftast mylta eða melta ætti einnig að taka tillit til annars frálags að því tilskildu að það innihaldi sambærilegt magn af endurunnu efni í tengslum við magn af meðhöndluðum lífbrjótanlegum umbúðaúrgangi. Í öðrum tilvikum, í samræmi við skilgreininguna á endurvinnslu, ætti endurvinnsla á lífbrjótanlegum umbúðaúrgangi í efnivið sem nota á sem eldsneyti eða á annan hátt til að framleiða orku, sem er fargað, eða sem notaður er í hvers konar aðgerð sem hefur sama tilgang og endurnýting úrgangs, önnur en endurvinnsla, ekki að teljast hluti af því að ná endurvinnslumarkmiðunum.
- 18) Ef um er að ræða útflutning á umbúðaúrgangi frá Sambandinu til endurvinnslu ættu aðildarríkin að nýta skoðunarheimildirnar sem kveðið er á um í 4. mgr. c í 50. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 ⁽¹⁾ með skilvirkum hætti til að krefjast skjalfestrar sönnunar til að ganga úr skugga um hvort sendingu sé ætlað að fara til endurnýtingar sem er í samræmi við 49. gr. þeirrar reglugerðar og því stjórnað með umhverfisvænum hætti í starfsstöð sem rekin er í samræmi við heilbrigðis- og umhverfisverndarstaðla sem eru í stórum dráttum jafngildir stöðlum sem eru fastsettir með löggjöf Sambandsins. Við framkvæmd á því verki gætu aðildarríkin átt samstarf við aðra viðkomandi aðila, s.s. lögbær yfirvöld í viðtökulandinu, óháða þriðju sannprófunaraðila eða -stofnanir, sem framkvæma skyldur fyrir hönd framleiðenda vara um rýmkaða ábyrgð framleiðanda sem komið er á fót samkvæmt kerfum um rýmkaða ábyrgð framleiðanda, sem gætu framkvæmt efnislegar prófanir og aðrar prófanir á starfsstöðvum í þriðju löndum. Í skýrslu um gæðakönnun sem fylgir gögnum um árangur við að ná markmiðunum ættu aðildarríkin að gefa skýrslu um ráðstafanir til að framkvæma skuldbindingarnar til að tryggja að úrgangur sem fluttur er út frá Sambandinu sé í stórum dráttum meðhöndlaður við jafngild skilyrði og krafist er samkvæmt viðkomandi umhverfislöggjöf Sambandsins.
- 19) Til að tryggja betri, tímanlegri og samræmdari framkvæmd þessarar tilskipunar og sjá fyrir hvers konar veikleika í framkvæmd ætti að koma á fót kerfi fyrir snemmvíðvörunarskýrslur til að greina annmarka og gera það kleift að grípa til aðgerða áður en fresturinn til að uppfylla markmiðin rennur út.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs (Stjtíð. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1).

- 20) Þar eð magn og tegund umbúða ræðst almennt af vali framleiðanda frekar en neytanda ætti að koma á fót kerfum um rýmkaða ábyrgð framleiðanda. Skilvirk kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda geta haft jákvæð umhverfisáhrif með því að draga úr myndun umbúðaúrgangs og auka sérstaka söfnun og endurvinnslu hans. Þó svo að kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda á umbúðum séu þegar til staðar í flestum aðildarríkjanna er mikill mismunur á því hvernig þau eru sett upp, á skilvirkni þeirra og gildissviði ábyrgðar framleiðenda. Reglurnar um rýmkaða ábyrgð framleiðanda sem mælt er fyrir um í tilskipun 2008/98/EB ættu því að gilda um kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda á umbúðum.
- 21) Endurskoða ætti grunnkröfur tilskipunar 94/62/EB og II. viðauka hennar í því skyni að efla forvarnir gegn umbúðaúrgangi, draga úr áhrifum hans á umhverfið og stuðla að endurvinnslu efna í miklum gæðum samhliða því að tryggja starfsemi innri markaðarins, koma í veg fyrir viðskiptahindranir og hindranir og röskun á samkeppni innan Sambandsins og, ef nauðsyn krefur, breyta þeim í því skyni að herða kröfurnar með það í huga að bæta hönnunina fyrir endurnotkun og hágæðaendurvinnslu á umbúðum.
- 22) Gögn úr skýrslugjöf aðildarríkjanna eru nauðsynleg fyrir framkvæmdastjórnina til að meta reglufylgni aðildarríkjanna við lög Sambandsins um úrgang. Bæta ætti gæði, áreiðanleika og samanburðarhæfi gagna með því að innleiða einn inngöngustað fyrir öll gögn um úrgang, fella brott úreltar skýrslugjafarkröfur, setja viðmiðanir um landsbundna aðferðafræði við skýrslugjöf og innleiða skýrslu um eftirlit með gæðum gagna.
- 23) Framkvæmdaskýrslur sem aðildarríki útbúa á þriggja ára fresti hafa ekki reynst skilvirkt verkfæri til að sannreyna reglufylgni eða tryggja góða framkvæmd og leiða til óþarfa stjórnsluálags. Því er rétt að fella úr gildi ákvæði sem skylda aðildarríki til að gera slíkar skýrslur. Þess í stað ætti eingöngu að byggja samræmisefirlit á gögnunum sem aðildarríki gefa framkvæmdastjórninni árlega skýrslu um.
- 24) Áreiðanleg skýrslugjöf um gögn sem varða úrgangsstjórnun hefur mikla þýðingu fyrir skilvirka framkvæmd og til að tryggja samanburðarhæfi gagna milli aðildarríkjanna. Þegar aðildarríkin gefa skýrslur um árangur sinn við að ná markmiðunum sem sett eru fram í tilskipun 94/62/EB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, ættu þau því að nota nýjustu reglurnar, sem framkvæmdastjórnin þróaði, og aðferðafræðina sem þróuð var af viðkomandi lögbærum landsyfirvöldum sem bera ábyrgð á framkvæmd þessarar tilskipunar.
- 25) Fela ætti framkvæmdastjórninni umboð til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í því skyni að bæta við reglugerð 94/62/EB eða breyta henni að því er varðar 11. gr. (3. mgr.), 19. gr. (2. mgr.) og 20. gr. þeirrar tilskipunar, eins og henni er breytt með þessari tilskipun. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016⁽¹⁾. Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða fá Evrópuþingið og ráðið í hendur öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem hafa umsjón með undirbúningi framseldra gerða.
- 26) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd tilskipunar 94/62/EB ætti að veita framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald að því er varðar 5. gr. (4. mgr.), 6. gr. a (9. mgr.), 12. gr. (3. mgr. d) og 19. gr. (1. mgr.) í henni, eins og þeim er breytt með þessari tilskipun. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011⁽²⁾.
- 27) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. annars vegar að hindra áhrif af umbúðum og umbúðaúrgangi á umhverfið eða draga úr slíkum áhrifum og veita þannig mikla umhverfisvernd og hins vegar að tryggja starfsemi innri markaðarins og koma í veg fyrir viðskiptahindranir og hindranir og röskun á samkeppni innan Sambandsins, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa ráðstafananna, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

(1) Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

- 28) Því ætti að breyta tilskipun 94/62/EB til samræmis við það.
- 29) Samkvæmt samstarfssamningi milli stofnana frá 28. nóvember 2001 um skipulegri notkun endurútgáfutækninnar fyrir réttargerðir ⁽¹⁾ er endurútgáfutæknin viðeigandi leið til að tryggja almennan læsileika löggjafar Sambandsins til frambúðar með því að koma í veg fyrir fjölgun stakra breytingagerninga sem oft gera réttargerðir torskildar. Enn fremur staðfestu stofnanirnar þrjár, í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016, skuldbindingu sína um að nota lagasetningartækni fyrir endurútgáfu oftari við breytingar á fyrirliggjandi löggjöf. Því væri rétt, í ljósi þess að tilskipun 94/62/EB hefur þegar verið breytt sex sinnum, að endurútgefa tilskipun 94/62/EB í náninni framtíð.
- 30) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ⁽²⁾ hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttmæt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar

Tilskipun 94/62/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 2. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Því er í þessari tilskipun kveðið á um ráðstafanir sem miða að því sem forgangsatíði að koma í veg fyrir myndun umbúðaúrgangs og, í anda annarra grundvallarreglna, stuðla að endurnotkun og endurvinnslu umbúða og annars konar endurnýtingu umbúðaúrgangs þannig að hægt sé að minnka magn þess umbúðaúrgangs sem farga þarf endanlega í því skyni að stuðla að umbreytingu yfir í hringrásarhagkerfi.“

- 2) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í 1. lið fellur eftirfarandi texti brott:

„Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, rannsaka og, ef nauðsyn krefur, endurskoða dæmin til skýringar á skilgreiningunni á umbúðum í I. viðauka. Fyrst og fremst skal fjalla um eftirfarandi hluti: geisladiska- og myndbanda-hulstur, rör og hólka sem eru vafðir með sveigjanlegu efni, hlífðarpappír af sjálfímandi límmiðum og umbúðapappír. Samþykkja skal þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun, sem um getur í 3. mgr. 21. gr.“

- b) Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2. „umbúðaúrgangur“: allar umbúðir eða umbúðaefni sem fjallað er um í skilgreiningu á úrgangi sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB, að undanskildum framleiðsluleifum“.

- c) Eftirfarandi liðum er bætt við:

„2a. „endurnotanlegar umbúðir“: umbúðir sem voru ætlaðar, hannaðar og settar á markað til að ná á vistferli sínum mörgum ferðum eða skiptum með því að vera áfylltar eða endurnotaðar í sama tilgangi og þær voru ætlaðar til,

2b. „samsettar umbúðir“: umbúðir sem gerðar eru úr tveim eða fleiri lögum af mismunandi efnum, sem ekki er hægt að aðskilja með höndum og mynda eina samfellda heild sem samanstendur af innra íláti og ytra byrði, sem eru fylltar, geymdar, fluttar og tæmdar sem slíkar,

2c. skilgreiningarnar á „úrgangi“, „úrgangsstjórnun“, „söfnun“, „sérstakri söfnun“, „forvörnum“, „endurnotkun“, „meðhöndlun“, „endurnýtingu“, „endurvinnslu“, „förgun“ og „kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda“ sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB skulu gilda“.

- d) Ákvæði 3. til 10. liðar falla brott.

⁽¹⁾ Stjtúð. EB C 77, 28.3.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtúð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

3) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að til viðbótar við ráðstafanir sem gripið hefur verið til í samræmi við 9. gr. séu aðrar forvarnarráðstafanir framkvæmdar í því skyni að koma í veg fyrir myndun umbúðaúrgangs og til að halda umhverfisáhrifum af umbúðaúrgangi í lágmarki.

Slíkar forvarnarráðstafanir geta falist í landsáætlunum, hvatningu til að halda umhverfisáhrifum af umbúðum í lágmarki með kerfum fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda eða samsvarandi aðgerðum sem eru framkvæmdar í samráði við rekstraraðila og neytenda- og umhverfissamtök, ef við á, í þeim tilgangi að sameina og nýta hinar mismunandi fyrirbyggjandi aðgerðir innan aðildarríkja.

Aðildarríkin skulu nýta sér efnahagsleg stjórnþæki og aðrar ráðstafanir til að hvetja til beitingar úrgangsmetakerfisins, s.s. þær sem tilgreindar eru í IV. viðauka a við tilskipun 2008/98/EB, eða önnur viðeigandi stjórnþæki og ráðstafanir.“

b) Ákvæði 3. mgr. falla brott.

4) Í stað 5. gr. kemur eftirfarandi:

„5. gr.

Endurnotkun

1. Í samræmi við úrgangsmetakerfið sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar 2008/98/EB skulu aðildarríkin gera ráðstafanir til að hvetja til aukningar á hlutfalli endurnotanlegra umbúða sem settar eru á markað og kerfa til að endurnota umbúðir á umhverfisvænan máta og í samræmi við sáttmálan, án þess að tefla matvælahollustuháttum eða öryggi neytenda í tvísýnu. Þessar ráðstafanir geta m.a. falið í sér:

- notkun skilagjaldskerfa,
- setningu eigindlegra eða megindlegra markmiða,
- notkun efnahagshvata,
- að fastsetja lágmarkshlutfall endurnotanlegra umbúða sem settar eru á markað ár hvert fyrir hvern umbúðastraum.

2. Aðildarríki má ákveða að ná leiðréttum viðmiðunarmörkum markmiðanna sem um getur í f- til i-lið 1. mgr. 6. gr. á tilteknu ári með því að taka tillit til meðalhlutdeildar, á næstliðnum þremur árum, endurnotanlegra söluumbúða sem settar eru á markað í fyrsta skipti og endurnýttar samkvæmt kerfi til að endurnýta umbúðir.

Reikna skal leiðréttu viðmiðunarmörkin með því að draga:

- hlutdeild endurnotanlegra söluumbúða, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í öllum söluumbúðum sem settar eru á markað frá markmiðunum sem mælt er fyrir um í f- og h-lið 1. mgr. 6. gr., og
- hlutdeild endurnotanlegra söluumbúða, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, sem samsettar eru úr viðkomandi umbúðaefni, í öllum söluumbúðum, sem samsettar eru úr því efni, sem settar eru á markað frá markmiðunum sem mælt er fyrir um í g- og i-lið 1. mgr. 6. gr.

Ekki skal taka tillit til meira en fimm prósentustiga af slíkri hlutdeild við útreikninga á viðkomandi leiðréttum viðmiðunarmörkum.

3. Aðildarríki má taka tillit til þess magns viðarumbúða sem eru lagfærðar til endurnotkunar við útreikninga á markmiðunum sem mælt er fyrir um í f-lið, ii. lið g-liðar, h-lið og ii. lið i-liðar 1. mgr. 6. gr.

4. Til að tryggja samræmd skilyrði við beitingu 2. og 3. mgr. þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir, eigi síðar en 31. mars 2019, þar sem komið er á reglum um útreikning og sannprófun gagna og skýrslugjöf um þau og um útreikning á markmiðunum skv. 3. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr.

5. Fyrir 31. desember 2024 skal framkvæmdastjórnin rannsaka gögn um endurnotanlegar umbúðir sem aðildarríkin leggja fram í samræmi við 12. gr. og III. viðauka í því skyni að fhuga hagkvæmni þess að setja meginleg markmið um endurnotkun umbúða, þ.m.t. reglur um útreikninga, ásamt frekari ráðstöfunum til að stuðla að endurnotkun umbúða. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf.“

5) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liðum er bætt við í 1. mgr.:

„f) eigi síðar en 31. desember 2025 skulu a.m.k. 65%, miðað við þyngd, alls umbúðaúrgangs endurunnin,

g) eigi síðar en 31. desember 2025 skal ná eftirfarandi lágmarksviðmiðum, miðað við þyngd, um endurvinnslu á eftirtöldum eignum í umbúðaúrgangi:

i) 50% af plasti,

ii) 25% af viði,

iii) 70% af járnríkum málmum,

iv) 50% af áli,

v) 70% af gleri,

vi) 75% af pappír og pappa,

h) eigi síðar en 31. desember 2030 skulu a.m.k. 70%, miðað við þyngd, alls umbúðaúrgangs endurunnin,

i) eigi síðar en 31. desember 2030 skal ná eftirfarandi lágmarksviðmiðum, miðað við þyngd, um endurvinnslu á eftirtöldum eignum í umbúðaúrgangi:

i) 55% af plasti,

ii) 30% af viði,

iii) 80% af járnríkum málmum,

iv) 60% af áli,

v) 75% af gleri,

vi) 85% af pappír og pappa.“

b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„1a. Með fyrirvara um f- og h-lið 1. mgr. má aðildarríki seinka frestinum til að ná fram markmiðunum sem um getur í i. til vi. lið g-liðar og í i. til vi. lið i-liðar í 1. mgr. um allt að fimm ár, með eftirtöldum skilyrðum:

a) undanþágan takmarkast við að hámarki 15 prósentustig frá einu markmiði eða deilt á milli tveggja markmiða,

b) endurvinnsluhlutfall fyrir eitt markmið er ekki lækkað niður fyrir 30% í kjölfar undanþágu,

c) endurvinnsluhlutfall fyrir eitt markmið sem um getur í v. og vi. lið g-liðar og v. og vi. lið i-liðar 1. mgr. er ekki lækkað niður fyrir 60% í kjölfar undanþágu, og

d) aðildarríkið tilkynnir framkvæmdastjórninni um þá fyrirætlan sína að framlengja viðkomandi frest og leggur fram framkvæmdaáætlun, í samræmi við IV. viðauka við þessa tilskipun, eigi síðar en 24 mánuðum fyrir viðkomandi eindaga sem mælt er fyrir um í g- eða i-lið 1. mgr. þessarar greinar. Aðildarríki má sameina þessa áætlun og framkvæmdaáætlun sem lögð er fram skv. b-lið 3. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

1b. Innan þriggja mánaða frá viðtöku framkvæmdaáætlunar, sem lögð er fram skv. d-lið 1. mgr. a, getur framkvæmdastjórnin farið þess á leit að aðildarríki endurskoði þá áætlun ef hún telur að áætlunin sé ekki í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í IV. viðauka. Hlutaðeigandi aðildarríki skal leggja fram endurskoðaða áætlun innan þriggja mánaða frá viðtöku beiðninnar frá framkvæmdastjórninni.

1c. Eigi síðar en 31. desember 2024 skal framkvæmdastjórnin endurskoða markmiðin sem mælt er fyrir um í h- og i-lið 1. mgr. í því skyni að viðhalda þeim eða, ef við á, auka við þau. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf.“

c) Ákvæði 2., 3., 5., 8. og 9. liðar falla brott.

6) Eftirfarandi grein er bætt við:

„6. gr. a

Reglur um útreikning á árangri við að ná markmiðum

1. Í þeim tilgangi að reikna út hvort markmiðin, sem mælt er fyrir um í f- til i-lið 1. mgr. 6. gr., hafi náðst:

- a) skulu aðildarríkin reikna þyngd umbúðaúrgangs sem myndast og er endurunninn á tilteknu almanaksári. Telja má að umbúðaúrgangur, sem fellur til í aðildarríki, sé jafn því magni umbúða sem sett var á markað á sama ári innan þess aðildarríkis,
- b) skal reikna þyngd endurunnins umbúðaúrgangs sem þyngd umbúða sem hafa orðið að úrgangi sem, eftir að hafa farið í gegnum allar nauðsynlegar skoðanir, flokkun og aðrar undirbúningsaðgerðir til að fjarlægja úrgangsefni sem eru ekki ætluð til síðari endurvinnslu og til að tryggja hágæða endurvinnslu, kemur inn í endurvinnsluferlið þar sem úrgangsefni eru í reynd endurunnin í vörur, efnivið eða efni.

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. skal mæla þyngd endurunnins umbúðaúrgangs þegar úrgangurinn kemur inn í endurvinnsluferlið.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein má mæla þyngd endurrunna umbúðaúrgangsins á grundvelli frálags flokkunarstarfsemi að því tilskildu:

- a) að slíkur frálagsúrgangur sé síðan endurunninn,
- b) að þyngd efniviðar eða efna, sem eru fjarlægð við frekari vinnslu á undan endurvinnslunni og eru ekki endurunnin síðar, sé ekki talinn með í þyngd úrgangs sem tilkynnt er að sé endurunninn.

3. Aðildarríki skulu koma á fót skilvirku gæðaeftirlits- og rekjanleikakerfi fyrir umbúðaúrgang til að tryggja að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. þessarar greinar og a- og b-lið 2. mgr. þessarar greinar, séu uppfyllt. Til að tryggja áreiðanleika og nákvæmni gagnanna, sem safnað er um endurunninn umbúðaúrgang, getur kerfið samanstaðið af rafrænum skráum sem komið var á fót skv. 4. mgr. 35. gr. tilskipunar 2008/98/EB, tækniforskriftum fyrir gæðakröfur að því er varðar flokkaðan úrgang eða meðaltap flokkaðs úrgangs fyrir mismunandi tegundir úrgangs ásamt úrgangsstjórnunarvenjum, eftir því sem við á. Aðeins skal nota meðaltap í tilvikum þar sem ekki er hægt að afla áreiðanlegra gagna með öðrum hætti og það skal reiknað á grundvelli reiknireglanna sem komið var á fót í framseldu gerðinni sem samþykkt var skv. 10. mgr. 11. gr. a í tilskipun 2008/98/EB.

4. Í þeim tilgangi að reikna út hvort markmiðin, sem mælt er fyrir um í f- til i-lið 1. mgr. 6. gr., hafi náðst má telja það magn lífbrjótanlegs umbúðaúrgangs sem fer til loftháðrar eða loftfirrðrar meðhöndlunar sem endurunnið þar eð sú meðhöndlun framleiðir myltu, meltu eða annað frálag með svipað magn af endurrunnu efni í tengslum við ílag sem notað verður sem endurunnin vara, efniviður eða efni. Þar sem frálag er notað á landi mega aðildarríki aðeins telja það sem endurunnið ef notkun þess leiðir til ávinnings fyrir landbúnað eða vistfræðilegra endurbóta.

5. Magn efniviðar í umbúðaúrgangi sem hættir að vera úrgangur eftir undirbúningsaðgerð áður en hann er endurunninn má telja sem endurunninn að því tilskildu að efniviðnum sé ætlað að fara síðar í endurvinnslu í vörur, efnivið eða efni sem ætluð eru til upphaflegra nota eða annars. Hins vegar skal ekki telja efnivið, sem hættir að vera úrgangur, sem á að nota sem eldsneyti eða til orkuframleiðslu með öðrum hætti, eða sem á að fara í brennslu, í fyllingar eða urðun sem hluta af því að ná endurvinnslumarkmiðunum.

6. Í þeim tilgangi að reikna út hvort markmiðin, sem mælt er fyrir um í f- til i-lið 1. mgr. 6. gr., hafi náðst mega aðildarríki taka tillit til endurvinnslu á málmum, sem eru aðskildir eftir brennslu á úrgangi, í hlutfalli við hlutdeild í umbúðaúrganginum sem er brenndur, að því tilskildu að endurunnu málmarnir uppfylli tilteknar gæðaviðmiðanir sem mælt er fyrir um í framkvæmdargerðinni sem er samþykkt skv. 9. mgr. 11. gr. a í tilskipun 2008/98/EB.

7. Umbúðaúrgang, sem sendur er í annað aðildarríki til endurvinnslu í því aðildarríki, má aðeins telja sem hluta af því að ná markmiðunum, sem mælt er fyrir um í f- til i-lið 1. mgr. 6. gr., í aðildarríkinu þar sem umbúðaúrganginum var safnað.

8. Umbúðaúrgangur sem fluttur er út úr Sambandinu skal eingöngu teljast hluti af því að ná markmiðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 6. gr. þessarar tilskipunar í aðildarríkinu þar sem honum var safnað ef kröfurnar í 3. mgr. þessarar greinar eru uppfylltar og ef, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 (*), útflytjandi getur sannað að tilflutningur úrgangs sé í samræmi við kröfurnar í þeirri reglugerð og að meðhöndlun umbúðaúrgangs utan Sambandsins fari í stórum dráttum fram við jafngild skilyrði og krafist er samkvæmt viðkomandi umhverfislöggjöf Sambandsins.

9. Til að tryggja samræmd skilyrði við beitingu 1. til 5. mgr. þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir, eigi síðar en 31. mars 2019, þar sem komið er á reglum um útreikning og sannprófun gagna og skýrslugjöf, einkum að því er varðar þyngd umbúðaúrgangs sem fellur til. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs (Stjtfð. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1).“

7) Eftirfarandi grein er bætt við:

„6. gr. b

Snemmiðvörðunarskýrsla

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við Umhverfisstofnun Evrópu, taka saman skýrslur um þann árangur sem náðst hefur í átt til þess að ná markmiðunum sem mælt er fyrir um í f- til i-lið 1. mgr. 6. gr., eigi síðar en þremur árum áður en hver frestur fyrir sig, sem þar er mælt fyrir um, rennur út.

2. Skýrslurnar, sem um getur í 1. mgr., skulu innihalda eftirfarandi:

- a) mat á árangri hvers aðildarríkis við að ná markmiðunum,
- b) skrá yfir aðildarríki, sem hætta er á að nái ekki markmiðunum innan tilskilins frests, ásamt viðeigandi tilmælum til hlutaðeigandi aðildarríkja,
- c) dæmi um bestu starfsvenjur sem eru notaðar í öllu Sambandinu sem gætu veitt leiðsögn til framfara í átt til þess að ná markmiðunum.“

8) Í stað 7. gr. kemur eftirfarandi:

„7. gr.

Kerfi fyrir skil, söfnun og endurnýtingu

1. Í því skyni að ná markmiðunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að komið sé á fót kerfum fyrir:

- a) skil og/eða söfnun á notuðum umbúðum og/eða umbúðaúrgangi frá neytendum, öðrum endanlegum notanda eða úr úrgangsstraumi í því skyni að beina þeim til mest viðeigandi valkosta fyrir úrgangsstjórnun,
- b) endurnotkun eða endurnýtingu sem felur í sér endurvinnslu á umbúðunum og/eða umbúðaúrganginum sem safnað var.

Þessi kerfi skulu vera opin fyrir þátttöku rekstraraðila í viðkomandi geirum og fyrir þátttöku lögbærna, opinbera yfirvalda. Þau skulu einnig gilda um innfluttar vörur samkvæmt skilmálum sem eru án mismununar, þ.m.t. nákvæmt fyrirkomulag og öll gjöld sem lögð eru á vegna aðgangs að kerfunum og þau skulu hönnuð þannig að komist sé hjá viðskiptahindrunum eða röskun á samkeppni í samræmi við sáttmálann.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að eigi síðar en 31. desember 2024 sé kerfum um rýmkaða ábyrgð framleiðanda komið á fót fyrir allar umbúðir í samræmi við 8. gr. og 8. gr. a í tilskipun 2008/98/EB.

3. Ráðstafanirnar sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu vera hluti af stefnu sem nær yfir allar umbúðir og umbúðaúrgang og þar skal einkum tekið tillit til krafna er varða vernd umhverfisins og heilbrigðis, öryggis og hollustuhátta neytenda, vernd gæða, áreiðanleika og tæknilegra eiginleika innpakkaðra vara og efniviðar sem er notaður og vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og viðskipta.

4. Aðildarríki skulu gera ráðstafanir til að stuðla að hágæða endurvinnslu á umbúðaúrgangi og til að uppfylla nauðsynlega gæðastaðla fyrir viðkomandi endurvinnslugeira. Í því skyni skal 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB gilda um umbúðaúrgang, þ.m.t. frá samsettum umbúðum.“

9) Í 9. gr. er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„5. Eigi síðar en 31. desember 2020 skal framkvæmdastjórnin kanna hagkvæmni þess að styrkja grunnkröfurnar m.a. með það fyrir augum að bæta hönnun fyrir endurnotkun og stuðla að hágæðaendurvinnslu auk þess að efla framfylgd þeirra. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf.“

10) Í stað 3. mgr. 11. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 21. gr. a í því skyni að bæta við þessa tilskipun með því að ákvarða þau skilyrði þar sem þau styrkleikamörk, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, gilda ekki um endurunninn efnivið og um vöruhringferli í lokaðri og stýrðri keðju, sem og með því að ákvarða þær gerðir umbúða sem eru undanþegnar kröfunum sem mælt er fyrir um í þriðja undirlíð 1. mgr. þessarar greinar.“

11) Ákvæðum 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur „*Upplýsingakerfi og skýrslugjöf*“.

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Gagnagrunnarnir sem um getur í 1. mgr. skulu geyma gögnin sem byggð eru á III. viðauka og skulu einkum veita upplýsingar um umfang, eiginleika og þróun umbúða og flæði umbúðaúrgangs í einstökum aðildarríkjum, þ.m.t. upplýsingar um eitruð eða hættuleg efni í umbúðaeftum og efnisþáttum sem eru notaðir við framleiðslu þeirra.“

c) Ákvæði 3. mgr. falla brott.

d) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„3a. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu fyrir hvert almanaksár um gögn sem varða framkvæmd a-til i-liðar 1. mgr. 6. gr. og gögn um endurnotanlegar umbúðir.

Þau skulu gefa skýrslu um gögnin rafrænt innan 18 mánaða frá lokum skýrslugjafarársins sem gögnunum er safnað fyrir. Gefa skal skýrslu um gögnin á sniðinu sem framkvæmdastjórnin ákvarðar á grundvelli III. viðauka í samræmi við 3. mgr. d í þessari grein.

Fyrsta skýrslutímabilið varðandi markmiðin sem sett eru fram í f-til i-lið 1. mgr. 6. gr. og gögnin um endurnotanlegar umbúðir skal hefjast á fyrsta heila almanaksárinu eftir að framkvæmdargerðin, þar sem sniðið fyrir skýrslugjöfina er ákvarðað, er samþykkt, í samræmi við 3. mgr. d í þessari grein, og það skal taka til gagna fyrir viðkomandi skýrslutímabil.

3b. Gögnnum úr skýrslugjöf aðildarríkjanna í samræmi við þessa grein skal fylgja skýrsla um gæðaeftirlit og skýrsla um ráðstafanir sem gripið hefur verið til skv. 3. og 8. mgr. 6. gr. a, þ.m.t. ítarlegar upplýsingar um meðaltap eftir atvikum.

3c. Framkvæmdastjórnin skal fara yfir gögnin úr skýrslugjöfinni í samræmi við þessa grein og birta skýrslu um niðurstöðurnar úr yfirferð sinni. Í skýrslunni skal meta skipulagningu gagnaöflunarinnar, uppruna gagnanna og aðferðafræðina sem er notuð í aðildarríkjunum sem og heilleika, áreiðanleika og samkvæmni gagnanna og hversu tímanleg þau eru. Matíð má innihalda sérstök tilmæli um úrbætur. Skýrslan skal tekin saman eftir fyrstu skýrslugjöf aðildarríkjanna um gögnin og á fjögurra ára fresti eftir það.

3d. Eigi síðar en 31. mars 2019 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um snið til að gefa skýrslu um gögnin í samræmi við 3. mgr. a í þessari grein. Að því er varðar skýrslugjöf um framkvæmd a- til e-liðar 1. mgr. 6. gr. þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin nota sniðið sem ákvarðað er í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/270/EB (*). Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr. þessarar tilskipunar.

(*) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/270/EB frá 22. mars 2005 þar sem mælt er fyrir um eyðublöð fyrir gagnagrunnskerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang (Stjtið. ESB L 86, 5.4.2005, bls. 6.)“

e) Ákvæði 5. mgr. falla brott.

12) Ákvæði 17. gr. falla brott.

13) Í stað 19. gr. kemur eftirfarandi:

„19. gr.

Aðlögun að framförum á sviði vísinda og tækni

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir sem nauðsynlegar eru til að laga auðkenningarkerfið sem um getur í 2. mgr. 8. gr. og 6. undirlið annarrar málsgreinar 10. gr. að framförum á sviði vísinda og tækni. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr.

2. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 21. gr. a í því skyni að breyta skýringardæmum fyrir skilgreiningu á umbúðum sem eru tilgreindar í I. viðauka.“

14) Í stað 20. gr. kemur eftirfarandi:

„20. gr.

Sértækar ráðstafanir

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 21. gr. a í því skyni að bæta við þessa tilskipun ef nauðsyn krefur til að bregðast við hugsanlegum vandamálum við beitingu ákvæða þessarar tilskipunar, einkum að því er varðar hvarftreg umbúðaefni, sem eru markaðssett í mjög litlu magni (þ.e. um það bil 0,1% af þyngd) í Sambandinu, grunnumbúðir fyrir lækningatæki og lyfjavörur, litlar umbúðir og munaðarumbúðir.“

15) Í stað 21. gr. kemur eftirfarandi:

„21. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið er á fót með 39. gr. tilskipunar 2008/98/EB. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 (*).

2. Ef vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki álitni skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).“

16) Eftirfarandi grein er bætt við:

„21. gr. a

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 11. gr. (3. mgr.), 19. gr. (2. mgr.) og 20. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 4. júlí 2018. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 11. gr. (3. mgr.), 19. gr. (2. mgr.) og 20. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 (*).
5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 11. gr. (3. mgr.), 19. gr. (2. mgr.) og 20. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlun sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

(*) Stjtið. ESB L123, 12.5.2016, bls. 1.“

- 17) Ákvæðum II. og III. viðauka er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.
- 18) IV. viðauka er bætt við eins og hann er settur fram í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að hlíta þessari tilskipun eigi síðar en 5. júlí 2020. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Þegar aðildarríki samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.
2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 30. maí 2018.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

fyrir hönd ráðsins,

L. PAVLOVA

forseti.

VIÐAUKI

1) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað annars undirliðar í 1. lið kemur eftirfarandi:

„— Umbúðir skal hanna, framleiða og markaðssetja þannig að unnt sé að endurnota þær og endurnýta, þ.m.t. endurvinna, í samræmi við úrgangsmetakerfið, og halda áhrifum þeirra á umhverfið í lágmarki þegar umbúðaúrgangi eða leifum frá meðhöndlun umbúðaúrgangs er fargað.“

b) Í stað c- og d-liðar 3. liðar kemur eftirfarandi:

„c) *Endurnýting umbúða með myltingu*

Umbúðaúrgangur sem er unninn í því skyni að mylta hann skal geta brotnað niður lífrænt að því marki að það hindri ekki sérstaka söfnun og myltingarvinnslu úrgangsins eða moltun hans.

d) *Umbúðir sem geta brotnað lífrænt niður*

Umbúðaúrgangur sem getur brotnað lífrænt niður skal vera unnt að mylta með eðlisfræðilegum, efnafræðilegum, varmafræðilegum eða lífrænum aðferðum þannig að stærstur hluti moltunnar brotni að lokum niður í koldíoxíð, lífmassa og vatn. Plastumbúðir sem eru niðurbjótanlegar með oxun skulu ekki teljast geta brotnað lífrænt niður.“

2) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað línanna með fyrirsögninni „Málmur“ koma tvær línur með fyrirsögnunum „Járnrikur málmur“ og „Ál“ í töflum 1 og 2.

b) Töflu 2 er breytt sem hér segir:

- i) í stað fyrirsagnarinnar „Magn notaðra umbúða í tonnum“ í öðrum dálki kemur „Magn umbúða sem settar eru í fyrsta skipti á markað í tonnum“;
- ii) í stað fyrirsagnarinnar „Endurnotaðar umbúðir“ í þriðja dálki kemur „Endurnotanlegar umbúðir“;
- iii) eftirfarandi er bætt við á eftir þriðja dálki:

„Endurnotanlegar söluumbúðir	
Tonnatala	Hundraðshluti“

c) Í stað línanna með fyrirsögninni „Málmumbúðir“ koma tvær línur með fyrirsögnunum „Umbúðir úr járnrikum málm“ og „Álumbúðir“ í töflum 3 og 4“.

3) Eftirfarandi viðauka er bætt við:

„IV. VIÐAUKI

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN SEM LEGGJA SKAL FRAM SKV. D-LIÐ 1. MGR. A Í 6. GR.

Frankvæmdaáætlunin sem leggja skal fram skv. d-lið 1. mgr. a í 6. gr. skal innihalda eftirfarandi:

1. mat á fyrri, núverandi og áætluðum hlutföllum endurvinnslu, urðunar og annarrar meðhöndlunar á umbúðaúrgangi og straumum sem hann er samsettur úr,

2. mat á framkvæmd úrgangsstjórnunaráætlana og áætlana um forvarnir gegn myndun úrgangs, sem eru fyrir hendi skv. 28. og 29. gr. tilskipunar 2008/98/EB,
 3. ástæður fyrir því hvers vegna aðildarríkið telur að það sé e.t.v. ekki fært um að ná viðkomandi markmiði, sem mælt er fyrir um í g- og i-lið 1. mgr. 6. gr., innan þess frests sem þar kemur fram og mat á framlengingu á tíma sem er nauðsynleg til að ná því markmiði,
 4. ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að ná markmiðunum, sem sett eru fram í g- og i-lið 1. mgr. 6. gr. þessarar tilskipunar, sem eiga við um aðildarríkið meðan framlenging á tíma stendur yfir, þ.m.t. viðeigandi efnahagsleg stjórnþæki, og aðrar ráðstafanir til að hvetja til beitingar úrgangsmetakerfisins, eins og sett er fram í 1. mgr. 4. gr. og í IV. viðauka a við tilskipun 2008/98/EB,
 5. tímaáætlun fyrir framkvæmd ráðstafananna sem eru tilgreindar í 4. lið, ákvörðun á þeim aðila sem er til þess bær að innleiða þær og mat á framlagi hvorrar um sig til að ná viðeigandi markmiðum, ef um er að ræða framlengingu á tíma,
 6. upplýsingar um fjármögnun úrgangsstjórnunar í samræmi við mengunarbótaregluna,
 7. ráðstafanir til að bæta gæði gagna, eins og við á, með það fyrir augum að skipuleggja betur og vakta frammistöðu við úrgangsstjórnun.“
-